# GJALDSKRÁ

**fyrir byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar.**

Fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík innir af hendi skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. gr.

*Úttektir samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012.*

| | |
|---|---|
| Áfangaúttekt | 12.600 kr. |
| Stöðuúttekt | 22.100 kr. |
| Lokaúttekt: | |
| a) Lítið umfang, s.s. minniháttar breytingar á mannvirki og lóð með breytingum á útliti eða fyrirkomulagi, svalaskýli, kvistir, bílskúr, klæðingar húss o.þ.h. | 25.200 kr. |
| b) Meðal umfang, s.s. minni viðbygging eða nýbygging einbýlis, par- og raðhúss og minni fjölbýlishúss eða breytingar á fyrirkomulagi | 4.100 kr. |
| c) Mikið umfang, s.s. nýbygging stærri mannvirkja, umfangsmeiri breytingar á fyrirkomulagi | 63.000 kr. |
| Úrtaksskoðun vegna áfangaúttekta | 12.600 kr. |
| Úttekt byggingarstjóraskipta | 25.200 kr. |
| Íbúðarskoðun | 25.200 kr. |

2. gr.

*Útgáfa vottorða.*

| | |
|---|---|
| Fokheldisvottorð | 31.500 kr. |
| Vottorð um stöðuúttekt | 22.100 kr. |
| Lokaúttektarvottorð | 22.100 kr. |
| Stöðuleyfi | 20.200 kr. |

3. gr.

*Byggingarleyfisgjöld.*

| | |
|---|---|
| Lágmarksgjald við móttöku umsóknar | 12.600 kr. |
| Hver aðaluppdráttur með umsókn: | |
| a) Lítið umfang, s.s. minniháttar breytingar á mannvirki og lóð með breytingum á útliti eða fyrirkomulagi, svalaskýli, svalir, kvistir, klæðingar húss o.þ.h. | 3.200 kr. |
| b) Meðal umfang, s.s. minni viðbygging eða nýbygging einbýlis, par- og raðhúss og minni fjölbýlishúss ásamt skráningartöflu eða breytingar á fyrirkomulagi | 6.300 kr. |
| c) Mikið umfang, s.s. nýbygging stærri mannvirkja, umfangsmeiri breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsa eða stærri framkvæmdir sem krefjast einnig skoðunar skipulagsfulltrúa enda falli framkvæmd ekki undir a- eða b-lið | 12.600 kr. |
| Endurumsókn útrunnins byggingarleyfis | 12.600 kr. |
| Aukagjald fyrir hverja þriðju umfjöllun | 12.600 kr. |

4. gr.

*Skoðunargjöld vegna yfirferðar séruppdrátta.*

| | |
|---|---|
| Einbýlis, par- og raðhús og fjölbýlishús allt að 2.000 $m^3$ | 94.500 kr. |
| Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2.000 $m^3$ | 132.300 kr. |
| Af hverjum 1.000 $m^3$ byggingar umfram 2.000 $m^3$: | |
| a) Einföld bygging, s.s. skemmur, skýli, lager, íþróttahús, gripahús o.þ.h. | 18.900 kr. |
| b) Hefðbundin bygging, s.s. verslun og skrifstofur, fjölbýlishús, hótel o.þ.h. | 31.500 kr. |

| | |
|---|---|
| c) Sérhæfð bygging, s.s. heilsuverndarhús, menningar- eða rannsóknarhús o.þ.h. | 44.100 kr. |
| Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofa o.fl. | 31.500 kr. |
| Umfangslitlar breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis | 50.400 kr. |
| Umfangsmiklar breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis | 100.800 kr. |
| Breytingar á innra skipulagi sérhúss, klæðning húss, svalaskýli, lóð o.fl. | 18.900 kr. |

5. gr.

*Skoðunargjöld vegna yfirlesturs eignaskiptayfirlýsingar.*

| | |
|---|---|
| Eignaskiptayfirlýsing: | |
| a) 2-5 eignir | 37.800 kr. |
| b) 5-15 eignir | 50.400 kr. |
| c) 15-50 eignir | 63.000 kr. |
| d) 50 eignir og fleiri | 75.600 kr. |
| Aukagjald fyrir hvern þriðja yfirlestur | 12.600 kr. |

6. gr.

*Skoðunargjöld vegna yfirferðar raflagnauppdrátta.*

| | |
|---|---|
| Íbúðarhúsnæði: | |
| Einbýlis, par- og raðhús 1 x 63A | 17.000 kr. |
| Fjölbýlishús með allt að 10 íbúðum: | |
| Heimtaug 3 x 63A, grunngjald | 17.000 kr. |
| Á hverja íbúð | 900 kr. |
| Stærri fjölbýlishús: | |
| Heimtaug 3 x 100-200A, grunngjald | 17.000 kr. |
| Á hverja íbúð | 2.150 kr. |
| Atvinnuhúsnæði: | |
| Heimtaug 3 x 63A | 25.200 kr. |
| Heimtaug 3 x 100-200A | 67.600 kr. |
| Heimtaug 3 x 315A og stærri | 112.600 kr. |

7. gr.

Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm og/eða umfangsmikil getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir á kostnað eiganda vegna framkvæmdar í heild eða að hluta, sbr. ákvæði í gr. 3.3.1 og 3.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum var staðfest í borgarstjórn Reykjavíkur 3. nóvember 2021 og tekur gildi við birtingu.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 21. desember 2021.*

**Dagur B. Eggertsson.**